

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

Samráðfundir um verndaráætlun fyrir svæðið Langasjó – Eldgjá - og svæði, s-a Lakagíga

Fundirnir voru haldnar sem hér segir: 23. janúar 2012 á Nauthóli, Reykjavík; 24. janúar 2012 á Geirlandi, Skaftárhreppi; 25. janúar á Laugalandi í Holtum.

Fundirnir voru allar með sama sniði:

1. Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, opnaði fundina og kynnti dagskrá.
2. Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður, kynnti þjóðgarðinn og gerð verndaráætlunar.
3. Fundarmenn unnu í hópum
4. Niðurstöður hópavinnu kynntar
5. Elín Heiða kynnti næstu skref og sleit fundi.

Í þessari samantekt eru liðir 1 og 2 teknir saman fremst, síðan kynntar niðurstöður hópavinnu á fundunum þremur.

1. Elín heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðsins bauð þátttakendur velkomna og lýsti verkáætlun kvöldsins.

2. Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður kynnti skipulag og stjórnun þjóðgarðsins og einnig hvað fælist í stjórnunar- og verndaráætlun. Hann lagði áherslu á eftirfarandi þætti:

- Áætlunin er verkfæri til stefnumótunar
- Áætluninni er ætlað að endurspeglar sameiginlegar væntingar.
- Þegar mörkum þjóðgarðsins er breytt, ný svæði bætast við þarf að vinna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir hið nýja svæði.
- Kaflar sem verða skoðaðir og áhersla verður lögð á eru:
 - Forsendur – kafli 2.
 - Lýsing á þjóðgarðinum – kafli 3.
 - Landnotkun – kafli 9.

Í reglugerð nr. 764/2011 er að finna síðustu stækkun þjóðgarðsins, svæðið Langisjór – Eldgja. Svæðinu er skipt upp, þ.e. annars vegar það sem er norðan við Lakasvæðið (I) og hinsvegar svæði sunnan þess.

- I – Langisjór – áhersla á einstaka jarðfræði – fjallavatn, víðerni, eldvirkni, gossprungur sem gosið hafa undir jökli og einnig á nútíma.
- II – Breyskjuhraunaavist – sérstætt á lands- og heimsvísu, þar sem breyskjuflétta, hraungambri og melagambri eru áberandi – snjótittlingur einkennistegund í breyskjuhraunavist.

Nú þegar hefur svæðisráðið og starfsmenn hafið vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið en verkefninu er skipt upp í 3 fasa:

I – fasi, haust 2011

- Hagsmunagreining – aðgengileg á heimasíðu
- Verk- og samráðsáætlun – kynnt stjórn og birt á heimasíðu
- Kynningarfundir fyrir helstu hagsmunaaðila í Skaftárhreppi og í Reykjavík.

II – fasi, jan-feb 2012

- Svæðisráð vinnur upplagg að áætluninni

- Opnir samráðsfundir á Nauthóli, Reykjavík, 23. Janúar, á Geirlandi, Skaftárhreppi, 24. Janúar og Laugalandi í Holtum, 25. Janúar.
- Unnið úr fundum og drög að verndaráætlun sett á heimasíðu garðsins til kynningar
- Unnið úr innsendum athugasemdum, endanleg tillaga unnin og send stjórn þjóðgarðsins.

III – fasi, vor 2012

- Stjórn fjallar um tillögu svæðsráðs að stjórnunar- og verndaráætlun.
- Umsagnarferli í 6 vikur.
- Farið yfir innsendar athugasemdir og tillögur.
- Tilbúin stjórnunar- og verndaráætlun send ráðherra til staðfestingar.

Nokkrir punktar sem S.B. benti á að hafa bæri í huga:

- Flokkunarkerfi IUCN, t.d. II-þjóðgarðar og VI-svæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.
- Í Hvítbók um náttúruvernd er gerð tillaga um verndarflokkinn „óbyggð víðerni“.
- Svæði innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem sérstakir friðlýsingarskilmálar gilda, t.d. í Skaftafelli, Esjufjöllum o.fl.
- Skoða vegi, hverjum á að halda inni og hverjum ekki, eiga allir vegir að vera færir öllum bílum, óþarfi er að hafa vegi sem þjóna litlum sem engum tilgangi.
- Skoða þjónustusvæði, hvar eiga þau að vera, hvað á að vera í boði á hverju svæði, nú þegar eru 5 svæði til staðar með mismikilli þjónusu, þ.e.: sunnan Sveinstinds, við Stóragil í Skælingum, Eldgjá (bílastæði), við sv enda Langasjávar. Spurning hvort bæta eigi við þjónustusvæði við na enda Langasjávar.

Nokkrar spurningar og ábendingar úr sal:

Sp. Hvernig er fjöldi ferðamanna – um 250 þús. – í þjóðgarðinn áætlaður?

- Niðurstaða sérfræðinga í ferðamálafræðum. Um áætlun er að ræða út frá vegateljurum og spurningakönnunum.

Sp. Talað er um víðerni – á þá ekki bara að banna allt – allt sem auðveldar samgöngur fyrir almenning?

- Mismunandi reglur um aðgengi gilda, sbr. t.d. í Esjufjöllum. Ekki má oftúlka „aðgengi“ – það er ekki alltaf verið að tala um umferð ökutækja þegar fjallað er um aðgengi.

Sp. Á bara að takmarka umferð bíla – hvað með ríðandi, hjólandi og gangandi umferð?

- Allir staðfestir vegir í þjóðgarðinum eru opnir fyrir alla hópa, en einnig geta verið sérstakar reiðleiðir (frá fornu fari), mögulega verða einhverjir hjólastígar skilgreindir en auk þess sérstakar gönguleiðir. Allar viðurkenndar akfærar leiðir verða „vegir“, ekki slóðar.

Sp. Ef hlutar þjóðgarðs eru skilgreindir sem víðerni– verður það þá stefna þjóðgarðsins að fjarlægja alla vegi til að uppfylla flokkunarkerfið?

- Þar sem gerð hefur verið tillaga um víðerni– þar eru engir vegir í dag (en víða smalaslóðar).

Sp. Er um að ræða víðáttugræðgi – á að vernda landið eins og það er í dag, og þá með öllum vegum, eða á að vernda eins og það var, eru ekki vegir og slóðar eru hluti af menningu okkar.

- Með fundi sem þessum er verið að afla upplýsinga frá sem flestum hópum – ná inn sjónarmiðum ólíkra hópa.

Sp. Af hverju er verið að tala um að loka slóðum ef þeir eru illfærir – það eru oft skemmtilegustu slóðarnir.

- Við skipulag aðgengis er fyrst og fremst tekið tillit til almenningshagsmuna – ekki sérhagsmuna. Gætu það verið sérhagsmunir að halda opnum slóðum sem aðeins er unnt að aka eftir á breyttum jeppum?

SP. Hvað verður um ökuleið að Uxatindum frá vegi að Langasjó úr vestri?

- Engin akvegur liggur að Uxatindum.

Áb. Í erindinu var samanburður við Yellowstone þjóðgarðinn – rétt er að fram komi að sá þjóðgarður er hlutfallslega mun minna svæði af USA en Vatnajökulsþjóðgarður er af Íslandi.

Áb. Félag kajakræðara er ekki í upptalningu yfir hagsmunaaðila.

- Það verður leiðrétt.

3 – 4. Vinna í hópum/helstu niðurstöður

NAUTHÓLL (8 hópar)

Hópur: 1

a- Stýrð umferð gangandi fólks verði norðan Kamba.

b-Fara syðri leið austur fyrir Langasjó, alla leið að Fögrufjöllum, þar bílastæði

c-Leið í fjöruborði Langasjávar verði opin að "Langanesi".

d-Leið um Hellnafjall verði opin

e-Leið að Fagralóni opin að útsýnisstað ofan Vestra-Gljúfurs

f-taka til í slóðum á barmi Eldgjár

Sérstök ábending: E.t.v. ætti að endurvekja gömlu leiðina inn á Skælinga og losna þar með við brekkuna niður af Eldgjárbarmi

Hópur: 2

a-Sérskilmálar verði settir varðandi svæðið norðan Kamba, en óparfi á Langasjó.

b-Snyrta ber slóðir á suðurbarmi Eldgjár.

c-Hellnafjallsleið verði opin.

d-(Tvennskona niðurstöður urðu í hópnum) 1-Leið í fjöruborði Langasjávar verði lokuð. 2-Leið í fjöruborði Langasjávar verði opin veiðimönnum og sem skemmtileg útsýnisleið.

Hópur: 3

a-Engin ástæða er til þess að takmarka umferð um nýtt svæði innan þjóðgarðsins, hvorki gangandi, akandi né siglandi.

b-Halda inni öllum slóðum, en ok að loka samsíðaslóðum.

c-Til greina kemur að hafa suma vegslóða (t.d. fjöruborðsleið í Langasjó) opna tímabundið á ferðatíma íslendinga, t.d. frá 1. sept.

Hópur: 4

a-Skælingasvæðið verði líka í verndarflokki II en taka tillit til beitar.

b-Slóð umhverfis Hellnafjall verði lokað, en opið áleiðis að Klöppum

c-Slóð að Fagralóni verði opin að Vestra-Gljúfri, þar bílastæði.

d-Loka vegi í fjöruborði Langasjávar.

e-Trússað verði sem mest á bátum á Langasjó og sett hávaðamörk

g-Bátar ferðamanna verði sóttreinsaðir við komuna til landsins (Gefið út vottorð)

h-Hafa lágmarks þjónustu við Langasjó og láta ferðamenn taka með sér allt sorp burt af svæðinu.

Hópur: 5

a-Leið um fjöruborð Langasjávar verði opin öllum, akandi, ríðandi og gangandi.

b-Leið um Hellnafjall verði opin

b-Skoða mætti lokum slóðar að Fagralóni við Litla-Svein.

c- Hver á að meta hvað er erfiður / hættulegur slóði?

Hópur: 6

- a-Á Skælingum þarf að taka tillit til beitarhagsmuna
- b-Ef til vill rétt að takmarka umferð um leið í fjöruborði Langasjávar
- c-Ein ökuleið verði inn Breiðbak
- d-Taka út allar samhliða leiðir
- d-Leið sunnan Hellnafjalls gullfalleg – halda opinni en fygjast með náttúru þar.
- e-Þjónustusvæði ok sv Langasjávar en na þarf að setja gönguskála inn í Fögrufjöll við Fagrafjörð – ekki of langt á milli gönguskála.

Hópur: 7

- a-Skælingasvæðið fari í verndarflokk VI.
- b-Slóð í fjöruborði Langasjávar verði með tímabundna opnun (frá mið-ág. Eða 1. sept.)
- g-Hellnafjallsleið verði lokað yfir hásumarið, annars opin
- h-Loka slóða að Fagralóni.
- d-Loka óparfa slóðum á suðurbarmi Eldgjár.
- c-Aðstaða fyrir báta verði í vesturenda Langasjávar.
- e-Þjónustusvæði fyrir austurbotni Langasjávar verði norðantil, vegna illviðra.
- f- Óparfi að takmarka vélbátaumferð á Langasjó.

Hópur: 8

- a-Leið í fjöruborði norðanmegin Langasjávar verði opin ökutækjum, þetta er líka falleg reiðleið.
- b-Þjónustustöðvar verði í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs.
- c-Hafa aðeins eitt þjónustusvæði við Langasjó, við sv enda.

GEIRLAND (2 hópar)

Hópur 1

- a- Skælingar fari í verndarflokk VI
- b-Ástæða til að setja skilmála varðandi umferð norðan Kamba en ekki annars staðar
- c-Tilkynna ferðir um Langasjávarsvæðið til landvarða
- d-Þjónustusvæði austan Langasjávar verði nær Breiðbak (norðanmegin við botn Langasjávar).
- e-Lagfæra þarf tjaldsvæði við Sveinstindsskála
- f-Slóð að Fagralóni verði opin að útsýnispunkti á Litla-Sveini
- g-Skiptar skoðanir um fjöruborðsleið í Langasjó
- h- Nóg að hafa eina leið austurfyrir Breiðbak
- i-halda slóð um Hellnafjall opinni
- j-Grisja rækilega slóðir á barmi Eldgjár.

Hópur 2

- a- Vegur sunnan Hellnafjalls verði, lokaður, en hluti hópsins lagði til ½ lokun og enn einn hluti lagði til að leiðin yrði opin.
- b-Halda opinni leið að Fagralóni, lagfæra.
- c-Hafa leið í fjöruborði Langasjávar opna alla leið
- b- Siglingar á Langasjó verði háðar leyfi / tilkynningarskyldar til þjóðgarðsins.
- c- Eigendur erlendra báta sem settir verða á flot á Langasjó skulu framvísa vottorði um að þeir hafi verið sótthreinsaðir við komuna til landsins.

LAUGALAND (2 hópar)

Hópur: 1

- a- Langasjávarsvæðið verði einungis fyrir göngufólk og kajakfólk – engin bifreiðaumferð, nema trúss að gönguskálum.
- b- Engin umferð vélbáta verði um Langasjó.
- c-Loka leið að Fagralóni
- d-Hugsanlega færa þjónustuvæði við na enda Langasjávar nær Breiðbak til að hlífa mosagróðri.

Hópur: 2

- a- Leið í fjöruborði Langasjávar verði opin en óstikuð.
- b- Leiðin sunnan Hellnafjalls verði lokuð, en bifreiðastæði sunnan fjallsins.
- c- Gönguleið af Sveinstindi að skála sunnan tindsins þarf að loka/lagfæra.
- d- Lokað verði leiðinni að Fagralóni, en þó opið að Litlasveini.
- e- Mannvirkjum (Húsum) í Eldgjá verði ekki fjölgað.
- f- Bátaumferð um Langasjó verði leyfileg.

5. Fundarlok

Elín Heiða Valsdóttir benti á að hægt er að senda frekari aths. til þjóðgarðsvarðar (snorri@vjp.is) eða svæðisráðs. Niðurstöður fundanna verða aðgengilegar á heimasíðu. Drög að verndaráætlun verða send helstu hagsmunaaðilum til umsagnar – aðrir verða að sækja upplýsingarnar á heimasíðu.

6. Þátttakendur á fundunum

Nauthóll, Reykjavík. 23. Jan 2012.

*Ljóst er að talsvert vantar uppá að gestir fundarins hafi skráð nafn sitt á þátttakendalistana, taldir voru a.m.k. 68 gestir.

Anna B. Steindórsdóttir, f4x4

Árni Bergs, f4x4

Ásgerður Einarsdóttir, ferðamálafræðingur/leiðsögumaður

Ásta Arnardóttir, Augnabliki / leiðsögumaður

Ásta Þorleifsdóttir, Kajakklúbbnum

Birgir Sigurðsson, f4x4

Birgir Teitsson

Börkur Hrólffsson, Jeppavinum

Dagur Bragason, Útivist

Davíð Samúelsson, Markaðsskrifstofu Suðurlands.

Edvard Þór Williamsson, Landsambandi vélsleðamanna.

Einar Torfi Finnsson, Ísl. Fjallaleiðsögumönnum

Eygló Harðardóttir, landvörður

Freyr Jónsson, f4x4

Guðmundur Björnsson, Bandalagi Ísl. Skáta

Guðmundur G. Sigurðsson, f4x4

Guðríður Þorvarðardóttir

Gunnar Ólafsson, Glaðheimum

Hafliði S. Magnússon. f4x4

Halldór Halldórsson, Landsambandi hestamannafélaga

Hallur Helgason

Hannes S.
Haraldur Bender, f4x4 og Jeppavinum
Hjörtur Sævar Steinason, f4x4
Ingvar Gretarsson
Jökull Einarsson
Jón H. Magnússon, Slóðavinum
Jórunn Garðarsdóttir
Kristbjörg Hjaltadóttir, Vinum Vatnajökuls
Kristján G. Kristjánsson, f4x4 og Jeppavinum
Kristveig Sigurðardóttir, Vatnajökulsþjóðgarði
Lilja Magnúsdóttir
Örn Þ. Halldórsson, landvörður
Óskar Ólafsson, f4x4 og Jeppavinum
Óttar Sigurðsson, leiðsögumaður
Páll Geirsson
Páll St. Bjarnason
Reynir Tómas Geirsson, Kajakklúbbnum
Róbert Sigurjónsson, landvörður
Sæbjörg Richardsdóttir, 4x4
Sæmundur Eiríksson, Landsambandi hestamannafélaga
Sigurður Guðjónsson, leiðsögumaður
Skúli H. Skúlason, Útivist
Sveinbjörn Halldórsson, f4x4
Sverrir Bjarnason, f4x4
Þ. Hjalti Magnússon, féla f4x4
Þorvaldur Guðmundsson, f4x4 og Jeppavinum
Þorvarður Helgason, Landsambandi hestamannafélaga
Þuríður Benediktsdóttir,
Vilborg Gissurardóttir, Katla Geopark

Einnig: Snorri Baldursson, Kári Kristjánsson, Elín Heiða Valsdóttir og Þórður Ólafsson frá VJP.

Geirlandi á Síðu, 24. Jánúar 2012:

Erla Ívarsdóttir, Geirlandi
Gísli Kjartansson, Geirlandi
Gunnar Sveinsson, Flögu
Hörður Davíðsson, Efri- Vík
Ingibjörg Eiríksdóttir, Kirkjubæjarklaustri
Jóhanna Jónsdóttir, Hunkubökkum
Jón Gretar Ingvarsson, Kirkjubæjarklaustri
Jón Helgason, Seglbúðum
Jóna Sigurbjartsdóttir, Selfossi
Margret Einarsdóttir, Mörk
Ólafía Jakopsdóttir, Hörgslandi
Sæmundur Oddsteinsson, Múla
Þorsteinn Kristinsson, Efri- Vík

Pórunn Júlíusdóttir, Seglbúðum

Einnig: Snorri Baldursson, Elín Heiða Valsdóttir og Kári Kristjánsson, sem ritaði fundargerð.

Laugaland í Holtum, 25. Janúar 2012

Baldur Ólafsson, Norðurgarði 7, Hvolsvelli

Ingibjörg Sveinsdóttir, Lækjarbrekku

Karl Ölvisson, Þjórsártúni.

Oddur Árnason, Miðkrika II, 861

Olgeir Engilbertsson, Nefsholti

Sævar Jónsson, Ingjaldshöfða 2

Sigurður Þór Þórhallsson, Gilsbakka 3, Hvolsvelli

Einnig:

Snorri Baldursson, Elín Heiða Valsdóttir og Kári Kristjánsson, sem ritaði fundargerð.